

Fundargerð 335. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 17. febrúar 2026
Fundartími: 17:00-18:30
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við trúnaðarmálum undir lið 9. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1) Fundargerð skipulagsnefndar nr. 319, dags. 11.02.2026

a) Súluholtshjáleiga L166391; Efnistaka og losunarsvæði E24; Aðalskipulagsbreyting – 260214

Lögð er fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029. Breytingin tekur til jarðarinnar Súluholtshjáleigu, E24, þar sem lagt er til að skilgreint verði nýtt efnistöku- og efnislosunarsvæði. Heimilt verði að vinna allt að 48. þús m³ af efni á 1,7 ha svæði. Einnig er heimilt að losa jarðveg í námuna og ganga jafn óðum frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið. Á svæðinu hefur verið tekið efni um árabíl til staðbundinna nota og er með aðalskipulagsbreytingunni verið að leiðrétta landnotkun.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar áður en niðurstaða sveitarstjórnar verður kynnt.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem tekur til jarðarinnar Súluholtshjáleigu, E24, þar sem lagt er til að skilgreint verði nýtt efnistöku- og efnislosunarsvæði þar sem heimilt verði að vinna allt að 48. þús. m³ af efni á 1,7 ha svæði. Einnig verði heimilt að losa jarðveg í námuna og ganga jafn óðum frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið. Sveitarstjórn samþykkir að málið frái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar áður en niðurstaða sveitarstjórnar verður kynnt.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Mosató 3 hótél L225133; Skógræktar- og landgræðslusvæði SL6 og reitur VP11; Leiðréttar stærðir og aukið byggingarmagn; Aðalskipulagsbreyting – 2601073

Lögð er fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til skógræktar- og landgræðslusvæðis SL6 og verslunar- og þjónustureits VP11 í landi Hnauss 2. Með tillögunni er lagt til að afmörkun reits VP11 verði skýrð og reiturinn stækkaður um 0,85 ha til norðausturs inn á hluta svæðis SL6, þannig að heildarstærð reitsins verði 3,5 ha, auk þess sem byggingarmagn innan reitsins verði aukið úr 3.700 m² í 4.500 m². Jafnframt er lögð syðri fláka íbúðarsvæðis ÍB17 leiðrétt til samræmis við rétta afmörkun lóðarinnar Mosató 2. *Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna breytingu á SL6 og VP11 í landi Hnauss og jafnframt er lögð ÍB17 leiðrétt, verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingum á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna breytingu á SL6 og VP11 í landi Hnauss. Einnig samþykkir sveitarstjórn að lögun ÍB17 verði leiðrétt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Krókur L166363; Krókur L166364; Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarðar og niðurfelling lóðar – 2506050

Lögð er fram merkjalýsing sem tekur til afmörkunar jarðarinnar Króks (L166363) í Flóahreppi. Merkjalýsingin er unnin í samræmi við Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Með merkjalýsingunni er gerð leiðrétting á skráðri stærð jarðarinnar á grundvelli mælinga. Jörðin er skráð 233 ha í fasteignaskrá HMS. Samkvæmt mælingu minnkar jörðin um 3,6 ha og verður 229,4 ha.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða merkjalýsingu sem tekur til afmörkunar jarðarinnar Króks (L166363) í Flóahreppi. Merkjalýsingin er unnin í samræmi við Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Með merkjalýsingunni er gerð leiðrétting á skráðri stærð jarðarinnar á grundvelli mælinga. Jörðin er skráð 233 ha í fasteignaskrá HMS. Samkvæmt mælingu minnkar jörðin um 3,6 ha og verður 229,4 ha.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037 – 2510040

Lögð er fram, eftir kynningu, skipulagslýsing fyrir endurskoðun Aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037. Umsagnir bárust við skipulagslýsingu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Fyrir liggja umsagnir við lýsingu Aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037. Skipulagslýsingin var kynnt frá 27.11.2025 til 19.12. 2025. Skipulagsnefnd hefur tekið fyrir umsagnir sem bárust við kynningu skipulagslýsingar vegna endurskoðunar Aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037.

Umsagnir bárust m.a. frá Atvinnuvegaráðuneyti, Veðurstofu Íslands, Náttúruverndarstofnum, Minjastofnum Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Fiskistofu, Vegagerðinni, Landsneti, Náttúrufræðistofnun Íslands, auk nágrannasveitarfélaga. Í umsögnum er m.a. bent á mikilvægi skýrrar umfjöllunar um vernd landbúnaðarlands, náttúruvá, náttúru- og menningarminjar, samgöngur, orkumannvirki og samráð yfir sveitarfélagamörk.

Nefndin tekur undir að umsagnirnar varði að mestu leyti atriði sem eðlilegt er að útfæra nánar á næstu stigum skipulagsvinnunnar. Lagt er til að fram komnar ábendingar verði hafðar til hliðsjónar við mótun stefnu, greinargerðar og umhverfismats í áframhaldandi vinnu við aðalskipulagið og að haft verði áframhaldandi samráð við viðkomandi stofnanir eftir því sem við á.

Umsagnir þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við lýsinguna eru lagðar til grundvallar og kalla ekki á frekari viðbrögð á þessu stigi málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að unnið verði áfram með innsendar umsagnir vegna framlagða skipulagslýsingu fyrir endurskoðun Aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037 en



skipulagslýsingin var kynnt frá 27.11.2025-19.12.2025. Sveitarstjórn hefur farið yfir umsagnir sem bárust á kynningartíma og verða umsagnir hafðar til hliðsjónar við mótun stefnu, greinargerðar og umhverfismats í áframhaldandi vinnu við aðalskipulagið. Haft verður áframhaldandi samráð við viðkomandi stofnanir eftir því sem við á á næstu stigum skipulagsvinnunnar. Umsagnir þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við lýsinguna eru lagðar til grundvallar og kalla ekki á frekari viðbrögð á þessu stigi málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Grímsskjól L236179; Stækkun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting – 2602019

Lögð er fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðanna Grímsskjól 1 og 3, L236179 í Flóahreppi. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreita innan lóða til að auka svigrúm lóðarhafa við val á byggingarstað, án þess að breytingar séu gerðar á gildandi skilmálum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Taka verður tillit til minja á svæðinu við staðsetningu húsa. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Grímsskjóls L236179 og felur í sér stækkun byggingarreita innan lóða til að auka svigrúm lóðarhafa við val á byggingarstað, án þess að breytingar séu gerðar á gildandi skilmálum. Sveitarstjórn fer fram á að tekið verði tillit til minja á svæðinu við staðsetningu bygginga. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2) Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 243, dags. 04.02.2026

Lagðar fram til kynningar.

3) Drög að reglum um hlífðar-, vinnu- og einkennisfatnað í Flóahreppi

Fyrir liggja drög að reglum um hlífðar-, vinnu- og einkennisfatnaði í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar reglur og felur sveitarstjóra að kynna þær sérstaklega fyrir stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4) Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands bs. – Seinni umræða

Lagðar eru fram til síðari umræðu breytingar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar samþykktir fyrir Sorpstöð Suðurlands bs. í seinni umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5) Samþykkt um fráveitu í Flóahreppi – Fyrri umræða

Fyrir liggja uppfærðar samþykktir um fráveitu í Flóahreppi til fyrri umræðu. Samþykktir hafa verið uppfærðar með tilliti til uppbyggingar í sveitarfélaginu, fyrirkomulags seyrulosunar í samstarfsverkefni og í takti við uppfærð lög og reglugerðir sem samþykktin byggir á. Drög að samþykktum voru lögð fram á fundi framkvæmda- og veitunefndar og lesnar yfir af starfsmönnum Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa samþykkt um fráveitu í Flóahreppi til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6) Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi – Fyrri umræða

Fyrir liggja uppfærðar samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi til fyrri umræðu.

Samþykktir hafa verið uppfærðar með tilliti til breytinga á lögum og reglugerðum og núverandi fyrirkomulagi við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir umsögn umhverfis- og samgöngunefndar um framlagða samþykkt og að henni verði í kjölfarið vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7) Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 334, dags. 03.02.2026
- b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 163, dags. 27.01.2026

Varðandi lið 2 í fundargerð er varðar skólaakstur þá tekur sveitarstjórn undir bókun fræðslunefndar um tafarlaugar úrbætur vegna skólabifreiðar. Núverandi samningur við viðkomandi aðila rennur út í lok yfirstandandi skólaárs og forsenda fyrir nýjum samningi á milli sveitarfélagsins og viðkomandi aðila er að nýr og hentugri bíll verði lagður fram til verksins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 5 í fundargerð er varðar möguleika á opnun sumarfrístundar þá er ekki gert ráð fyrir fjármagni í rekstur sumarfrístundar í fjárhagsáætlun ársins. Skv. gildandi reglum um frístundaheimili skal endurskoða reglur annað hvert ár og er næsta endurskoðun haustið 2026. Sveitarstjórn bendir á að ekki er um lögbundið hlutverk sveitarfélags að ræða. Skoða þarf þætti eins og sjálfbærni rekstursins með tilliti til tekju- og kostnaðarhliða, lágmarks mönnun starfsmanna og lágmarksfjölda notenda, skipulag, ábyrgð og framkvæmd þar sem opnun sumarfrístundar fellur ekki undir verksvið og stjórn skólastjóra.

Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði könnun á meðal foreldra barna í 1.-4. bekk áður en farið verður í endurskoðun á reglum um frístundaheimili. Könnunin verði gerð til að safna upplýsingum um mögulega þörf á sumarfrístund og til að vinna með í áætlunargerð fyrir næsta fjárhagsár. Sveitarstjóra falið að undirbúa fyrirögn könnunar síðar á árinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 6 í fundargerð er varðar uppsögn á samningum um ræstingu í leik- og grunnskóla þá bendir sveitarstjórn á að horfa megi á önnur fyrirtæki sem sinna sambærilegri þjónustu, verktakaþjónustu eða ráðningu starfsmanns sem launþega. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram með stjórnendum í takti við umræður á fundinum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 8 í fundargerð er varðar húsnæðismál í Krakkaborg þá óskar sveitarstjórn eftir því að leikskólastjóri og umsjónarmaður fasteigna að geri frekari þarfagreiningu og kostnaðarmat á þeim breytingum sem nefndar eru varðandi eldhús leikskólans. Þeim upplýsingum verði skilað inn tímanlega vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 11 er varðar tillögur leikskólastjóra að breytingum vegna skráningardaga þá samþykkir sveitarstjórn að ekki verði lágmarksskráning á skráningardögum heldur sé opið fyrir þá sem þurfa að nýta þjónustuna, burt séð frá fjölda barna. Sveitarstjórn samþykkir að halda sömu skráningardögum fyrir skólaárið 2026-2027 eins og hafa verið á yfirstandandi skólaári.

Að öðru leyti ítrekar sveitarstjórn fyrri bókun sína um málið frá 7. maí 2024. Sveitarstjórn telur áfram mikilvægt að halda uppi þeirri góðu þjónustu sem verið hefur undanfarin ár og samþykkir að opnunartími leikskólans Krakkaborgar verði óbreyttur frá fyrri skólaárum þ.e. að ekki verði lokað í haust- og vetrarfríum, milli jóla og nýárs og í dymbilviku en farin verði áfram sú leið að skilgreina skráningardaga á ofangreindum dögum í skóladagatali.

Vinnutímastytting starfsmanna er þá útfærð í samræmi við fjölda barna á þessum dögum.

Sveitarstjórn samþykkir að fella áfram niður leikskólagjöld og fæðisgjöld ef barn er ekki skráð á skilgreindum skráningardögum.

Sveitarstjórn felur leikskólastjóra að setja skóladagatal fyrir næsta skólaár upp skv. ofangreindri ákvörðun sveitarstjórnar og taka til umfjöllunar í foreldraráði og til afgreiðslu í fræðslunefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 38, dags. 03.02.2026

Varðandi lið 2 er varðar viðbyggingu við Flóaskóla þá er sveitarstjóra falið að kalla eftir tilboðum í hönnun á þeim þáttum sem þarf vegna viðbyggingar við skólann svo sem burðarvirki, lagnir, raflagnir, bruna- og hljóðvistarhönnun. Sveitarstjórn samþykkir á þessum tímamarki að bjóða út jarðvinnu þegar viðeigandi teikningar vegna viðbyggingar liggja fyrir. Byggingarnefnd Flóaskóla ásamt sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 3 er varðar áhaldahús fyrir sveitarfélagið þá samþykkir sveitarstjórn að allt að 240 m² áhaldahús fyrir sveitarfélagið verði byggt á lóðinni Heiðargerði 1. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og yfirfara þau tilboð sem borist hafa í stöðluð hús ásamt framkvæmda- og veitunefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 4 er varðar samþykktar fjárfestingar ársins 2026 þá felur sveitarstjórn umsjónarmanni fasteigna að kalla eftir verðtilboðum frá amk 3 aðilum vegna framkvæmda utanhúss við Þjósarver og vegna aðgengismála á skrifstofu sveitarfélagsins. Umsjónarmaður fasteigna skili inn skriflegri kostnaðar- og tímaáætlun til sveitarstjóra og framkvæmda- og veitunefndar vegna verkefnanna. Sveitarstjóra falið að kalla eftir hönnun og teikningum á bættu aðgengi á skrifstofu. Sveitarstjórn leggur áherslu á að farið verið af stað í framkvæmdir sem fyrst í vor.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 133, dags. 14.01.2026

Varðandi lið 2 er varðar merkjalýsingar og lóðamál þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að skipulagsfulltrúi UTU fái umboð til að undirrita, fullgilda og ljúka við alla nauðsynlega skjalagerð í tengslum við merkjalýsingar þar sem Flóahreppur er landeigandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 215, dags. 10.02.2026
f) Stjórnar Arnardrangs nr. 25, dags. 03.02.2026
g) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 88, dags. 21.01.2026
h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 992, dags. 23.01.2026
i) Stjórnar Bergrisans nr. 91, dags. 03.02.2026

8) Efni til kynningar

- a) Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. september 2026
b) Ráðstefna um málefni urðunar 20. mars 2026
c) Frá Innviðaráðuneytinu – Vefkönnun um einföldun regluverks um verkefni sveitarfélaga
d) Frá Lánasjóði sveitarfélaga – Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga
e) Umsögn Flóahrepps um 322. mál – Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030
f) Frá Vegagerðinni – Leiðbeiningar um samgöngumat
g) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 3. mars kl. 17:00.

9) Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir

1458

Hulda Kristjánsdóttir
Harpa Magnúsdóttir